

Starfsáætlun leikskólans

Hlíðarbergs

2019 – 2020



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum ásamt áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun samhliða og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.4 Matsáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Húsnæði og lóð.....	7
2.3 Ytra mat.....	7
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	8
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	9
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	9
4. Starfsmannamál	10
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2019.....	10
4.2 Starfspróunarsamtöl.....	10
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	11
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	13
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	13
5.2 Foreldrasamvinna.....	13
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	14
5.4 Almennar upplýsingar	14
5.5 Áætlanir	14
Fylgirit.....	14
• Matsgögn s.s. skólapúlsinn og könnun meðal foreldra um jólafrí	Error! Bookmark not defined.
• Leikskóladagatal	14
• Umsögn foreldraráðs.....	14
• Annað s.s. jafnréttiráætlun, umsögn Heilbrigðiseftirlit um lóð	14

1. Inngangur

Skólaárið fór fremur hægt af stað. Það þurfti að bæta við starfsfólki og þar sem lítið var um umsóknir gekk erfiðlega að fullmanna leikskólann. Að öðru leit var skólaárið fremur hefðbundið. Unnið var eftir einkunarorðum leikskólans sem eru *Hreyfing*, *sköpun* og *velliðan*. Með þeim stefnum við að því að börnin fái mörg tækifæri og möguleika til að hreyfa sig í skipulögðum hreyfistundum, frjálsum leik, útiveru ásamt skógar- og gönguferðum. Velliðan birtist í því að börnin eru róleg, sátt og yfirveguð við daglega iðju. Börnunum er boðið upp á frelsi til sköpunar og marga möguleika til tjáningar. Skapandi, endurnýtanlegur og opin efniviður er mikið notaður í leikskólanum, með listasmiðju á hverri deild sem auðveldar þá vinnu. Leikurinn er aðal kennsluáferðin í leikskólanum en könnunarleikur og könnunaraðferð eru þær kennsluáferðir sem hafa einnig verið notaðar. Velliðan sem felst í líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum var einnig markmiðið. Við unnum að því t.d. með næringarsáttmála leikskóla Hafnarfjarðar með samræmdum matseðlum þar sem næring og hollusta er í fyrirrúmi. Líðan barnanna er forgangsatriði og vel fylgst með því og að þau fái verkefni við hæfi. Stuðlað var að góðum samskiptum m.a. með vináttuverkefni Barnaheilla. Unnið var eftir Læsisstefnu Hafnarfjarðar þar sem málörvun var stór þáttur í starfi leikskólans og fléttaðist hún inn í allt starf. Leikskólinn hefur nýtt sér námsefnið *Lubbi finnur málbein* í þeim tilgangi undanfarin tvö ár. Aðlögun gekk vel og fór að mestu fram í ágúst. Foreldraviðtöl voru að þessu sinni í febrúar á starfmannafundstíma frá 17-19 og var foreldrum boðið að skrá sig fyrirfram sem flestir gerðu. Starfmenn fengu mjög jákvæða endurgjöf í viðtölunum.

Skólaárinu var skipt upp í 6 vikna hópastarfs tarnir sem eru brotnar upp með vali á milli deilda í eina viku. Inn í þetta flétuðust síðan ýmsir hefðbundnir viðburðir og átaksvikur sem eru í samfélaginu. Við tókum þátt í samgönguviku, vinaviku, málræktarviku, tannverndarviku, umhverfisviku og við höfðum hjólaviku í júní. Bjartir dagar, menningarhátíð Hafnarfjarðar var í apríl og settum við upp sýningu á verkum barnanna í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Einnig tókum við þátt í bleikum degi í október. Leikskólinn hefur einnig haldið uppi litadögum sem dreifast yfir árið, þá mæta allir í viðeigandi litum fatnaði. Jóladaagskráin hófst með aðventukaffi fyrir foreldra þar sem foreldrar og börn máluðu piparkökur saman. Einnig var farið í Sívertsenhús og Árbæjarsafn og jólahald fyrri tíma kynnt fyrir börnunum. Við settum upp kaffihús í salnum, fórum í skógrækt Hafnarfjarðar að sækja jólatré, tókum þátt í að skreyta Jólaborpið á Thorsplani, fórum í kirkjuferð, fengu tónlistarfólk í heimsókn og að lokum var jólaball leikskólans í sal skólans. Frí milli jóla og nýárs var vel nýtt, en leikskólinn var opin fyrir þá sem þurftu. Þorrablót var haldið í janúar sem og pabba/afa kaffi á bóndadag og síðan var mömmu/ömmukaffi í kringum konudaginn.

Ýmis fagleg verkefni voru í gangi og ber helst að nefna þróunarverkefni um Snemmtæka íhlutun undir stjórn Ásthildar Snorradóttir talmeinafræðings hjá Fræðslu- og frístundaþjónustu sem er vel á veg komið og verður haldið áfram með næsta skólaár. Ný persónuverndarlög kölluðu á yfirferð á ferlum og vinnubrögðum skólans og fór dágóður tími í það. Unnið var áhættumat og vinnsluskrá í samstarfi leikskólastjóra í Hafnarfirði.

Starfsþróun kennara var þó nokkur en hæst bar námsferð til Brighton þar sem við heimsóttum leikskóla sem starfar eftir Reggio Emilia hugmyndafræðinni og fórum á námskeið í útikennslu. Sameiginlegur undirbúningur deildarstjóra var settur á til að auka samvinnu þeirra. Breytt

fyrirkomulag á kaffitíma starfsfólks var tekið upp til reynslu með það að markmiði að geta byrjað hópastarf með börnunum fyrr og að kaffitímar trufli ekki starfið með börnunum. Framkvæmd og fyrirkomulag sérkennslu með því að að hafa einn starfmann sem sinnir málörvunarhópum gafst vel og skilar góðum árangri. Stjórnendur á Hlíðarbergi sendu bréf til bæjar- og fræðslustjóra í mars 2018 þar sem farið var fram á úrbætur á húsnæði og vinnuaðstöðu starfsfólks. Tekið var jákvætt í það, fundað var um mögulegar úrbætur og sett fjármagn í fjárhagsáætlun 2019 til þessa verkefnis. Þær framkvæmdir fóru að mestu fram í sumarlokun og er spennandi að sjá hvernig þær reynast. Í þeim fólst að bætt var við salerni viðtalsherbergi, aðstaða sérkennslu og aðstoðarskólastjóra og bókasafns bætt og undirbúningshergi var fært. Enn á þó eftir að lagfæra loftræstingu og fataklefa barna og verður það vonandi gert á næsta ári. Garðurinn hefur mikið látið á sjá, leiktæki eru úr sér gengin og undirlag og gras þarfnast lagfæringar. Þar sem 100 börn leika sér daglega og foreldrar og börn nýta garðinn vel um helgar þarfnast hann mun meiri viðhalds en nú er.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.4 Matsáætlun

Til þess að fylgja eftir og kanna hvort leikskólinn sé að vinna að settum markmiðum, fer fram stöðugt mat á starfinu. Aðferðir við mat eru m.a. uppeldifræðilegar skráningar, fundir, fundargerðir og kannanir, persónumöppur þar sem námsferill og leikskólagangs barnsins er skráð.

Markmiðið með matinu er að auka sýn á árangursríkar starfsaðferðir sem skila sér í betri líðan og þroska barnanna og að efla leikskólakennara í starfi.

- Viðhorf foreldra verður kannað á vorönn 2020 með foreldrakönnun framkvæmda af Skólapúlsinum.
- Persónumöppur barnanna verða unnar jafnóðum af kennurum.
- Hópastarf og samverustundir verða metnar í tengslum við verkefnið um Snemmtæka íhlutun. Matið fer fram á skipulagsdögum og fagfundum með kennurum og hópstarfið er skráð í persónumöppur barnanna. Börnin meta samverustundir með táknum s.s. brosköllum.
- Foreldraviðtöl deildarstjóra eru í upphafi leikskólagöngu hjá nýjum börnum og hópstjórum hjá öllum börnum í febrúar 2020.
- Starfmannaviðtöl í mars 2020.
- Nýliðaviðtöl til að fylgja eftir nýju starfsfólki.

2.1 Innra mat leikskólans

Aðferðir við mat á starfinu voru fjölbreyttar og fór matið fram með viðtölum, skráningu, matslistum og viðhorfskönnunum.

Mat foreldra

Foreldrar komu að matinu með ítarlegu upphafsviðtali og foreldraviðtölum í febrúar. Einnig var starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélag stendur fyrir ýmsum viðburðum og býður upp á skemmtiatrið og leikýningar fyrir börnin. Foreldraráð les yfir og gefur umsagnir um stefnumótandi skjöl sem leikskólinn vinnur eftir.

Mat starfsmanna

Fundargerðir starfsmannafunda, deildarfunda og teymisfunda voru skráðar.

Á daglegum skilaboðafundum er farið yfir hvað er á dagskrá frá degi til dags. Á skipulagsdögum og á fagfundum leikskólakennara fóru fram umræður og mat um afmarkaða þætti starfsins. Skráningar á námsferli barnanna í Persónumöppum var endurmetin og samræmdar á fagfundum kennara. Starfsmenn fóru í fjarverusamtöl eftir þörfum. Starfmannaviðtöl fóru fram í mars. Starfsmannasáttmáli var unnin og dýpkaður með umræðum á skipulagsdegi.

Mat barna

Aðkoma barna að matinu var bæði í gegnum upplýsingar frá foreldrum um líðan barns og með skráningum í ferilmöppum barna og myndaskráningum í leik barnanna. Einstaklingsnámskrá var gerð með þriggja mánaða millibili fyrir þau börn sem þess þurfa. Þegar við á og þörf er á nánari upplýsingu um stöðu barns voru notaðir ýmsir matslistar svo sem AAL, íslenski þroskalistinn, smábarnalistinn, Gerd Strand og AEPS-listinn.

2.2 Húsnæði og lóð

Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður fóru á námskeið hjá Vinnueftirlitinu og fylltu út álagsmat í framhaldinu ásamt leikskólastjóra.

Niðurstöður álagsmats

Þar kom í ljós að starfsfólk þarf að huga betur að líkamsbeitingu og álag á hreyfi- og stoðkerfi starfsmanna er of mikið í eldhúsi sérstaklega á Tröllahlíð. Það þarf að halda reglulega fundi hjá öryggistrúnaðarmanni og verði. Gæta þarf að upplýsingaflæði fyrir erlenda starfsmenn og skilning þeirra á því sem fram fer á starfmannafundum og skipulagsdögum þegar við á. Til að draga úr hávaða þarf að nota dúka á borð, loka hurðum og skipta börnum milli herbergja. Athuga á með að fá „Eyrað“ sem er hávaðamælir í eigu Fræðslusviðs lánaðan eða fá hávaðamælingu frá Vinnueftirliti. Einnig er spurning um loftgæði í garði með tilliti til umferðar og nálægðar við mikla umferðargötu. Lýsingu í húsinu þarf að endurnýja. Ljósastæði eru farin að gefa sig. Loftræsting í fataklefum og salerni yngstu deildar er lélegt. Það þarf að gæta þess að sanda snemma á morgnanna þegar hálda er. Það vantar fleiri salerni fyrir starfsfólk í húsið. Þurrkaðstaða fyrir blautan fatnað starfsfólks er enginn.

Heilbrigðiseftirlitið gerði úttekt á lóð. Samkvæmt henni var daglegt eftirlit í góðu lagi en viðhaldsskoðun á þriggja mánaða fresti hefur ekki farið fram og árleg skoðun síðast 2018. Það er ekki ásættlegt að lóð leikskólans og leikstækjum sé ekki haldið við þar 100 börn sem leika sér daglega.

Það er búið er að framkvæma breyting á vinnuaðstöðu starfsmanna . Það var gert í sumarfríi með því að taka hluta yngri deildar og geymslu sem starfmannarými til að bæta vinnuaðstöðu og bæta við salerni og viðtalsherbergi. Undirbúningstímar fyrir allt starfsfólk, fjölgun nema og aukin áhersla á teymisvinnu og samstarf fagaðila kallar á stærra undirbúningherbergi. Markmiðið með breytingunum er að starfsfólk fái aðstöðu við hæfi til að sinna fjölbreyttum verkefnum á faglegan hátt. Aðstoðarleikskólastjóri fái vinnuaðstöðu og geymslurými verði aukið.

2.3 Ytra mat

Fræðslu og frístundasvið stóð fyrir foreldrakönnunum um viðhorf til starfsemi milli jóla og nýárs og sumarlokana. Niðurstöður um starfsemi milli jóla og nýárs komu ágætlega út fyrir leikskólann en mæting var mikil á Hlíðarbergi miða við aðra leikskóla. Ekki var annað séð en að foreldrar á Hlíðarbergi hafi almennt verið ánægðir með framkvæmdina og afsláttur af gjöldum fyrir þennan tíma vel þegin en hafi ekki haft úrslitaáhrif á hvort barn mætir. Ekki liggja fyrir niðurstöður í könnun um sumarlokun.

Starfsmannakönnun var framkvæmd var í mars 2019 af Skólapúlsinum. Þeir þættir sem gætu verið betri voru;

- starfsaðstaða
- samstarf
- virkni foreldra
- vinnuálag

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Unnið á skipulagsdegi 31. maí 2019

Við ætlum að vinna eftir einkunnarorðum leikskólans, *Hreyfing, sköpun, vellíðan*. Við ætlum að halda í hefðir s.s málræktarviku, jóladagskrá, þorrann, tannverndarviku, páska og umhverfisviku. Í vali á milli deilda ætlum við að bjóða upp á einingakubba í sal eða eitthvað annað til tilbreytingar. Við viljum að samvinna en ekki samkeppni sé ríkjandi. Allir stefni í sömu átt, með sömu gildi og sömu sýn. Við ætlum að vinna að því að þráður og stígandi í sé í námsferli barnanna. Við ætlum að samræma á milli deilda leikefnivið og ýmsa þætti vinnufyrirkomulags.

Tákn með tali verði notað á öllum deildum

- skipta táknum á vikur
- velja lög
- tákn á ákveðnum stöðum s.s. fataklefa og útiveru

Snemmtæk íhlutun

- Sjónrænt dagskipulag sé á hverri deild sem ýtir undir sjálfstæði barnanna, undirstöður læsis og hjálpar til við skipulag. Einnig nota Veðurfræðing, daga, vikur og mánuði.
- Bínureglur- boðskiptareglur samræmdar yfir leikskólann og verður það kynnt vel í haust.
- Lubbi- yngri, mið og elsta deild taki ákveðin hljóð. Skipa hóp sem rammur inn þá vinnu og skipuleggur Lubbastundir.

Vináttuverkefnið leggur grunn að samskiptahæfni. Byrja strax í haust að nýta námsefnið á öllum deildum. Námsefnið er til á öllum deildum og starfsfólk á öllum deildum hafa farið á námskeið.

Viðbrögð við manneklu. Hafa plan-b viðbragðsáætlun við manneklu. Það þarf ekki alltaf að fella niður skipulagt starf. Afleysing getur gengið inn í skipulagt starf. Upplýsa á foreldra ef það er undirmönnun.

Útikennsla- færa starfið út, meira hópastarf og leiki úti ásamt því að auka virkni starfsfólk í útiveru.

Skerpa á Reggio hugmyndafræðinni - opna á meiri möguleika fyrir skapandi starf og okkar sérstöðu með listasmiðju á hverri deild. Könnunarleikur verði kynntur vel í haust á yngri- og miðdeildum og setja skráningu af honum í ferilmöppur. Könnunaraðferð verði notuð í hópastarfi á eldri deildum.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

Snemmtæk íhlutun

Verkefnastjóri: Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur og frá leikskólanum, Ólöf Karla deildarstjóri. Markmið: Að öll börn í leikskólanum Hlíðarbergi nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólanum skili börnunum betur undirbúnum inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Lögð verður áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólanum, þannig að komið verði í veg fyrir afturvirktt rof (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi.

Undirmarkmið:

- Að styrkja og efla málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi. Gert er ráð fyrir að leikskólinn Hlíðarberg taki þátt í verkefninu.
- Leggja áherslu á samvinnu við heilsugæslustöðvar vegna niðurstæðna úr þroskaprófum eftir tveggja ára aldur.
- Að nota skilvirkari vinnubrögð hvað varðar málþroska og læsi með því að búa til verkáætlun sem að leikskólinn styðst við. Skimanir hvað varðar mál og læsi verði notaðar í leikskólanum. Aukin áhersla á íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa og einstaklingsþjálfun, þar sem hvert barn fær íhlutun/kennslu við sitt hæfi.
- Að auka þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi í leikskólanum.
- Að auka færni í skráningu, mati á árangri og flokkun/vali á viðeigandi málörvunarefni hjá starfsfólki leikskólans.
- Að virkja/útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál og efla íslenskukennslu, viðeigandi málörvun og stuðning fyrir þennan hóp barna.
- Að auka samstarf við sérfræðinga og foreldra hvað varðar málörvun og læsi. Aukin fræðsla til foreldra.
- Að efla samstarf á milli leik- og grunnskóla. Brúa bilið þannig að grunnskólinn haldi áfram að vinna með barnið út frá áherslum leikskólans. Sameiginlegir fundir með starfsfólki leik- og grunnskóla.

Verkefnið Brúin- þróun verklags til að koma til móts við nemendur á sem skilvirkastan hátt á fyrir stigum í samstarfi við Félagspjónustu fer af stað á haustönn 2019 í Setberginu. Þátttakendur eru Hlíðarberg, Hlíðarendi og Setbergsskóli.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2019

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1	Meistarapróf
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1	Háskólapróf
Sérkennslustjóri	1	0,6	Háskólapróf
Leikskólakennari	10	9	Háskólapróf
Proskapjálfi	2	1,5	Háskólapróf
Leiðbeinandi	17	12,9	Grunn- og framhaldsskólapróf
Matráður	1	1	Grunn- og framhaldsskólapróf
Aðstoð í eldhúsi	1	1	Grunn- og framhaldsskólapróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og tók leikskólastjóri viðtölin. Aðstoðarleikskólastjóri tók viðtöl við nýtt starfsfólk eftir þrjá mánuði í starfi. Varðandi stefnu og markmið kom fram að meira samræmi mætti vera milli deildastjóra og halda ætti fleiri fagfundi. Varðandi Lubba þá vantar að ramma það betur inn hvenær það á við, t.d. í hópastarfi eða samveru? Könnunarleikur lítið verið notaður en meira efnivið en umgjörð. Samræma þarf betur persónumöppur. Endurskoða leikefnivið á yngri deildum. Grænfáni lítið sýnilegur og það þarf að forgangsraða. Sérkennsla er að skila árangri og hefur ekki fallið mikið niður. Vinnuskipulag er gott. Fram kom ósk um meira Reggio og Remidu. Mórall er léttari og starfsandinn betri. Breyttir kaffitímar hafa bætt starfið en ekki eru allir ánægðir t.d. hálf dagsfólk. Samræmdir matseðlar í leikskólum Hafnarfjarðar til bóta.

Með starfið og starfsánægju þá er starfsfólk ánægt með að fá að hafa áhrif og veit til hvers er ætlast en of mikið álag er vegna veikinda. Foreldraviðtöl gengu vel og fólk fékk jákvæða endurgjöf. Fáir starfmenn eru í lok dags og morgnarnir eru krefjandi ef vantar fólk. Vantar að halda skipulagi varðandi deildafundi. Álag var meira fyrir áramót vegna veikinda og erfileika með að fullmanna.

Varðandi vinnustaðinn kom fram að bæta þarf starfsmannaaðstöðu. Vantar þurrkara fyrir föt barna. Það vantar geymslupláss fyrir leikföng og efnivið. Hvað varðar uppvask á Tröllahlíð er aðstaðan slæm. Að setja leirtau inn á deildir er mikil vinnuhagræðing fyrir eldhús en þarf að endurmeta. Passa þarf vel upp á undirbúningstímar falli ekki niður. Stefnt er að því að vera meira lausnamiðaðar. Leikefni og samræmi milli deilda má bæta. Hugmyndir sem má skoða eru t.d. göngutúr í kaffitíma. Passa þarf upp á flæði í kaffitíma barna e.h. Loftræsting er léleg. Faglegur metnaður og umhyggja er mikil. Óskir komu fram um að senda öllum starfsmönnum fréttabréf eða prenta það út.

Í Stjórnun og upplýsingaflæði kom fram að gott upplýsingaflæði væri til staðar. Í val á milli deilda þarf að dreifa fólki betur. Fram kom að það vanti endurgjöf frá deildarstjórum. Hafa þarf skilafundi vegna barna frá 10.30-12 eða 13-14 svo hópastarf falli ekki niður. Fundir fyrir sérkennslu hafa fallið

niður. Samræma þarf upplýsingar til foreldra. Passa þarf vel upp á lok dags. Gott væri ef verkefnastjóri í upplýsingatækni hafi fastan viðtalstíma. Hafa þarf frí sýnileg öllum. Fjarveruviðtöl voru tekin eftir þörfum.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Leikskólakennurum bjóðast m.a. endur- og símenntunarnámskeið á vegum m.a. Fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar, námskeið í samstarfi við Kragaleikskóla (Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur og Seltjarnarnes), Endurmenntun Háskóla Íslands og fleiri aðila. Einnig sækja starfmenn ráðstefnur, málþing og fræðslufundi bæði innanlands og utan. Námsleyfi eru veitt starfsmönnum til að sækja grunn- og framhaldsmenntun í leikskólafræðum. Mikilvægur þáttur starfsþróunar er umræður og faglegur jafningjastuðningur innan leikskólans sem fer fram á fag- og samráðsfundum og skipulagsdögum.

Áætluð símenntuna leikskólans 2018-2019 var eftirfarandi;

- Uppbyggingarstefna- kynning á skipulagsdag.
- Samskipti á vinnustað.
- Námskeið um Karellen-app og vefkerfi í ágúst.
- Fagfólk fari á námskeið í skimunum s.s. Tras og Hljóm2.
- Námskeið Lubbi finnur málbein og Vinátta fyrir nýtt starfsfólk.
- Vináttuverkefni yngri börn.
- Slys og slysavarnir barna.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing)

- Deildarstjórar fóru á málstofu heilsueflandi skólar / jákvæð menntun.
- Starfsfólk sérkennslu sækir ráðstefnu NAYAC í Wasington í nóvember.
- Áætluð er námsferð starfsmanna í maí til Brighton þar sem skólar með útikennsla og skapandi starf verða til skoðunar.

Flestir þættir náðu fram að ganga nema kynning á uppbyggingarstefnu og námskeið um slys og slysavarnir.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

Allir starfsmenn - fræðsla á skipulagsdögum

- Uppbyggingarstefna
- Slys á börnum og slysavarnir
- Tákn með Tali
- Vinátta upprifjun
- Lubbi upprifjun

Starfsmenn - Sérkennslu

- námskeið um ADHD, einhverfu, þroskafrávik og atferlisþjálfun, Teach, Cat kassann.
- námskeið um skimanir s.s. Tras, Hljóm2, Orðaskil, Smábarnalistinn, máhljóðamælirinn.

Starfsmenn hafa líka áhuga á að sækja ýmis námskeið um leikefnivið, umhverfi, útikennsla, upplýsingatækni, Ipad, ofnæmi, kvíða, hegðunarerfiðleika, vísindi í skapandi starfi, listir, skuggaleikhús, skapandi starf með yngri börnum og könnunaraðferð.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí

- 106 börn.
- 54 strákar og 52 stúlkur.
- 872 dvalarstundir.
- 5,43 deildargildi.
- 5 börn sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
- 33 börn sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).
- 2 börn með ofnæmi.
- 13 börn með fæðuþöpol.
- 14 börn með annað móðurmál en íslensku.
- 10 tungumál.
- Þjóðerni forsjáraðila voru víetnömsk, þýsk, kínversk, spænsk, japönsk, búlgörsk, rússnesk, portúgölsk, pólsk og ensk.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er kosið á aðalfundi foreldrafélags að hausti. Þrír fulltrúar hittast a.m.k einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót, oftast ef þurfa þykir.

Foreldrafundir að hausti voru haldnir seinnipart dags og þar kynntu deildarstjórar starfið inn í sal og foreldrar fóru svo og fengu sér kaffi inn á deild og spjölluðu við aðra foreldra og starfsfólk.

Foreldraviðtöl voru í febrúar og foreldrum boðið að skrá sig. Mæting var almennt góð sem og niðurstöður, foreldrar almennt ánægðir og nokkrar ábendingar komu um það sem betur mætti fara.

Foreldrafélagið hélt vasaljósadag í nóvember það sem börnin leituðu að endurskinsmerkjum ásamt því að gæða sér á hressingu í boði foreldrafélagsins. Í desember stóð foreldrafélagið fyrir að fá jólasveini á jólaball barnanna ásamt því að kaupa jólagjafir fyrir börnin. Farið var í vorferð í maí en þá var húsdýragarðurinn Hraðastaðir heimsóttur. Þar gafst börnunum tækifæri til að fylgjast með sauðburði ásamt því að skoða ýmis húsdýr og bauð foreldrafélagið upp á pylsur og safa. Sumarhátíðin var í júní þar sem boðið var uppá hoppukastala, skemmtiatriði var Blaðrarinn og veitingar.

Útskriftarferð nemanda á Tröllahlíð var með hefðbundnu sniði, en börnin hafa undanfarin ár farið í dagsferð í Vatnaskóg. Þessi ferð hefur ávallt verið vel heppnuð og börnin hafa haft mikla ánægju af þessari ferð.

Eins og áður þá eru það félagsgjöldin sem greidd eru af foreldrum barnanna sem standa alfarið undir rekstri félagsins og án þeirra væri ekki unnt að bjóða upp á þessa viðburði. Foreldrafélag notar rekstrarafgang til kaupa á leikföngum fyrir leikskólann.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Samstarf vetrarins hófst með fundi að hausti með kennurum 6 ára bekkjar og deilarstjóra yngsta stigs grunnskólans ásamt kennurum elstu barna og skólastjórum beggja leikskóla í hverfinu. Gagnkvæmar heimsóknir voru skipulagðar og að vori var annar fundur það sem farið var yfir framkvæmd samstarfsins og það sem betur mætti fara.
- Báðir leikskólar fengu afnot af íþróttahúsi Setbersskóla 1x í viku fyrir elstu börnin.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar sem voru á sama tíma og skipulagsdagar í grunnskólum;

- 9. nóvember farið var yfir vinnuskipulag, matartíma og samskiptasáttmála og námsgagnakynning.
- 22. febrúar 2019 voru haldnir starfmannafundur, deildarfundir og vinnustofur í upplýsingatækni, vináttuverkefni, læsi og umhverfismennt.
- 31. maí fór fram endurmat á starfi vetrarins og unnið var að starfsáætlun fyrir næsta vetur.
- 2. og 3. maí 2019 var námsferð til Brighton þar sem farið var á námskeið í Reggio- skóla og útikennslu.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans:

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum
 - annað
- Öryggisáætlanir:
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna).
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina.
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Fylgirit

- **Leikskóladagatal**
- **Umsögn foreldraráðs**
- **Annað s.s. jafnréttiráætlun, umsögn Heilbrigðiseftirlit um lóð**

Hafnarfirði, 16. ágúst 2019

Leikskólastjóri

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	Sumarfrí	1 S	1 Þ Skíplagsdagur HB	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýlinddagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðdagurinn	1 M Annar í hvítasunn	1 M
2 F	Sumarfrí	2 M Aðlogun	2 M	2 L	2 M Jónabörn skreytt	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L		3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M Tannverndarvíka	3 Þ	3 F Blár dagur	3 S	3 M	3 F
4 S		4 M	4 F Bekur dagur	4 M Vínvíka	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M Val á milli deilda	4 F	4 L
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	Sumarfrí	6 F Bóludagur	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándin	6 F Dagur leikvísans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	Sumarfrí	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ Hópaftar helgi	7 F Dagur stærthæðnar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Stórnadagurinn	7 Þ
8 F		8 S Dagur lesis	8 Þ	8 F Barntudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M Gulur dagur	8 F	8 M Hólavíka	8 M Sumarfrí
9 F		9 M Hópaftar helgi	9 M	9 L	9 M Kaftþúsavíka	9 F	9 S	9 M	9 F Skítdagur	9 L	9 Þ	9 F Sumarfrí
10 L		10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M Val á milli deilda	10 Þ	10 F Fosturdagurinn langi	10 S	10 M	10 F Sumarfrí
11 S		11 M	11 F Böks og blóðstö setn	11 M MÁLRÆKTARVÍKA	11 M Silversen	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	Aðlogun	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Þakadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ		13 F	13 S	13 M	13 F Skógrækt	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í þekum	13 M	13 L	13 M Sumarfrí
14 M		14 L	14 M Val á milli deilda	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ Sumarfrí
15 F		15 S	15 Þ	15 F Undirb.-skíplagsdagur	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M Sumarfrí
16 F		16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumarfrí
17 L		17 Þ	17 F	17 S	17 Þ Jólabar	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M Líkveiddagurinn	17 F Sumarfrí
18 S		18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	Aðlogun	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M Undirb.-skíplagsdagur	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ		20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumarfrí
21 M		21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F mómmu og ómmukaffi	21 L	21 Þ	21 F Uppsetningardagur	21 S	21 Þ Sumarfrí
22 F		22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Þeirri Dagur	22 F	22 M	22 M Sumarfrí
23 F		23 M	23 M	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M Val á milli deilda	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F Sumarfrí
24 L		24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Þabba og afa kaftþúsavíka	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Þeirri dagur	24 S	24 M Sumarfrí	24 F Sumarfrí
25 S		25 M	25 F	25 M Val á milli deilda	25 M Jóladagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	Aðlogun	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M Óskudagur	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ		27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F Skíplagsdagur HB	27 M Linniverðvíka	27 M	27 L	27 M Sumarfrí
28 M		28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Sumarfrí
29 F		29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F Undirb.-skíplagsdagur	29 M	29 M Sumarfrí
30 F		30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F Sumarfrí
31 L			31 F		31 Þ Gamliádagur	31 F Þorrablót			31 Þ	31 S Hvítasunnudagur		31 F Sumarfrí